

SKÓLARÁÐ

Hvað er skólaráð?

Í grunnskólalögum segir að í hverjum grunnskóla eigi að vera starfrækt skólaráð. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins og lýtur það ákveðnum reglum.

Hverjir eru í skólaráði?

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn. Í skólaráði sitja:

- skólastjóri,
- tveir fulltrúar kennara,
- einn fulltrúi annars starfsfólks við skólann,
- tveir fulltrúar nemenda,
- tveir fulltrúar foreldra,
- einn fulltrúi grenndarsamfélagsins, til dæmis íbúi í hverfinu, starfsmaður íþróttafélags eða fyrrverandi nemandi.

Varamenn fulltrúa taka sæti þeirra í forföllum. Skólastjóri stýrir starfi skólaráðsins. Miðað er við að búið sé að skipa í skólaráðið fyrir lok september. Ef fulltrúar nemenda telja sig ekki hafa forsendur til að taka þátt í umfjöllun um ákveðið mál getur skólastjóri leyst þá undan setu á fundi.


Hvað gerir skólaráð?

Skólaráð setur sér starfsáætlun og fundar reglulega. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann. Skólaráð ræðir margvísleg mál sem snúa að skólahaldi, eins og skólanámskrá, starfsáætlun, kennslu, breytingar á skólahaldi og starfsemi, aðbúnað og velferð nemenda, húsnæðis- og öryggismál og margt fleira. Skólaráð fjallar einnig um erindi frá ýmsum aðilum og veitir umsagnir ef þess er óskað. Skólaráð ræðir ekki málefni einstaklinga. Skólaráð fundar með stjórn nemendafélagsins að lágmarki einu sinni á ári.

Af hverju skólaráð?

Skólaráð er mikilvægur þáttur í því að koma sjónarmiðum sem flestra á framfæri og tryggja samráð við þá sem koma að málefnum skólans áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar. Þátttaka nemenda í skólaráðum byggir á því að börn eiga rétt á því að koma skoðunum sínum á framfæri í málum sem þau varða en það er í samræmi við 12. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Sjá nánar 8. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla.



Fulltrúar nemenda

Fulltrúar nemenda í skólaráði skulu vera kosnir samkvæmt starfsreglum nemendafélagsins. Fulltrúar nemenda bera ábyrgð á því að sjónarmið nemenda komist til skila. Fulltrúar nemenda þurfa meðal annars að:

- vera aðgengilegir fyrir nemendur og geta miðlað upplýsingum á milli þeirra og skólaráðs,
- vera reiðubúnir að hlusta á samnemendur sína og tala þeirra máli í skólaráði,
- vera óhræddir við að tjá sig og geta staðið á sínu,
- vera tilbúnir til þess að leita sér aðstoðar ef þörf er á,
- geta haldið trúnaðarupplýsingum leyndum.

Undirbúningur fyrir fundi skólaráðs

Fulltrúar nemenda undirbúa sig fyrir fundi skólaráðs með því að kynna sér þau mál sem fjalla á um og hlusta eftir afstöðu nemenda sem málið varðar. Til að bera fram tillögu á fundi þarf að fara eftir ákveðnum leikreglum og því er gott að kynna sér fundarsköp. Sjálfsgagt er að leita eftir aðstoð hjá kennurum skólans, starfsmönnum félagsmiðstöðva eða frístundaráðgjöfum hverfisins eða sveitarfélagsins. Einnig er hægt að hafa samband við umboðsmann barna eða UMFÍ til að fá upplýsingar og aðstoð.

